




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2022 – 2023



Vínátta- Virðing- Velliðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Greinargerð verkefnastjóra.....	5
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
3.1 Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS	10
3.2 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023	11
3.3 Innra mat hvernar deildar fyrir sig skólaárið 2021-2022	15
3.3.1 Gula deild börn fædd 2020-2021	15
3.3.2 Bláa deild börn fædd 2019	16
3.3.3 Græna deild börn fædd 2018	16
3.3.4 Rauða deild börn fædd 2018 og 2019.....	17
3.3.5 Ævintýrahóll börn fædd 2016.....	17
3.3.6 Ævintýralundur börn fædd 2016	18
3.3.7 Ævintýradalur börn fædd 2017 og 2018.....	18
3.3.8 Ævintýraland börn fædd 2017	19
3.3.9 Ævintýraeyja börn fædd 2017	19
3.3.10 Björnslundur	20
3.4 Innra mat sérkennslu	20
3.5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	21
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
4.1 Skólaárið 2021-2022	23
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
6 Foreldrasamvinna	26
6.1 Foreldrafélag skólaárið 2021 – 2022.....	26
6.2 Foreldraráð skólaárið 2021 – 2022.....	26
6.3 Foreldraráð skólaárið 2022 – 2023.....	26
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
8 Fylgigögn.....	29
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	29



Leiðarljós leikskólans

Að börn og starfsfólk fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika og

blómstra þannig í leik og starfi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Greinargerðin frá því í fyrra hófst á þessari setningu „Veturinn hefur verið ævintýrlegur með mörgum áskorunum sem flestum hefði sennilega ekki órað fyrir að eiga eftir að upplifa.“ Var þessi vetur ekki minna ævintýrlegur og var starfsemin allan veturinn í vörn.

Sóttkví og einangrun fór á milli deilda á Litunum í nóvember og desember en þar kom upp hópsmit barna, foreldra og kennara sem varð til þess að nokkrir einstaklingar voru í einangrun um jólin. Því óskaði ég eftir að við myndum róa hverfið milli hátíða og loka stofnuninni. En um hátíðirnar var einnig verið að senda deildir á Ævintýrunum í sóttkví. Við fengum að endingu að loka milli hátíða sem varð til þess að við hægðum á smitum. Smit náðu síðan aftur hámarki í starfsmannahópnum í mars og apríl og varð þá að nota töluverða útsjónarsemi til þess að halda stofnuninni opinni. Nú erum við komin út úr þessari krísu og getum farið að dýpka okkur í samvinnu á milli heimilis og skóla. Hjá okkur eru foreldrar sem hafa verið í þrjá vetur og hafa nánast enga möguleika haft til þátttöku í starfi leikskólans. En við erum full þakklætis yfir því trausti og umburðarlyndi sem foreldrar hafa sýnt okkur þessi síðustu ár þar sem samvinna heimilis og skóla var frábrugðin því sem við þekkjum og höfum trú á.

Þegar öllum takmörkunum var aflétt fór fólk að vilja ferðast aftur og var því mikið um frí hjá starfsmönnum. Auk þess hafði stytting vinnuvikunnar mikil áhrif þar sem erfitt var að manna deildirnar eins og þörf var á. Í fyrsta skipti síðan skólinn tók til starfa reyndist okkur erfiðara að fá til okkar fólk. Vegna þessara atriða sem talin eru upp hér á undan þurftu stjórnendur leikskólans að vera mikið inni á deildum svo að hægt væri að láta hlutina ganga upp og er það ekki skynsamleg ráðstöfun til lengdar.

Framkvæmdir voru í öllum starfsstöðvum leikskólans á þessu skólaári. Skógarhúsið í Björnslundi var málað og skipt var um eldhúsinnréttingu. Á Ævintýrunum standa yfir framkvæmdir en þar er verið að stækka salinn og gera aðstæður í mötuneyti skólans viðunandi. Framkvæmdir hafa gengið hægt þar sem teikningar eru ekki að standast og hefur ekki gengið vel að fá verktaka í verkið. Á vordögum óskuðum við eftir úttekt á myglu á Litunum þar sem það hefur verið leki frá gluggum í nokkurn tíma. Rétt fyrir sumarlokun leikskólans kom í ljós að það þyrfti að grípa til aðgerða þar sem mygla fannst á einni deild.



Farið var í námsferð innanlands í maí og var aðalmarkmið hennar að þjappa starfsmannahópnum saman og vinna að eflingu liðsheildar innan hópsins. Að finna styrkinn í hópnum og finna kraftinn í því að vera öll saman var yndisleg upplifun. Farið var á Hótel Geysi þar sem við upplifðum stórkostlegt umhverfi og lærðum saman. Við skoðuðum styrkleika okkar og hvað nærir okkur í leik og starfi í lífinu. Eftir tvö og hálf ár þar sem unnið var meira og minna í fimm sóttvarnarhólfum og ekki mátti vera með starfsmannafundi, starfsdaga eða aðra viðburði þar sem starfsmannahópurinn kom allur saman, þarf núna að leggja áherslu á að gera Rauðhól að einum vinnustað. Stefnt er að því að fara í námsferð erlendis vorið 2023 og verður spennandi að vinna að þeim undirbúningi næsta vetur.

Mannauður Rauðhóls er öflugur og hefur verið lögð áhersla á að nýta styrkleika hvers og eins vel. Í vetur kynntu þrír starfsmenn sem eru namar í leikskólakennarafræðum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, námið fyrir samstarfsfólkinu sínu og kviknaði áhugi nokkra á náminu. Unnið hefur verið markvisst að því að koma okkar dásamlega fólki sem ekki eru með stúdentspróf í raunfærnimat og hafa þau eflst og styrkst við að feta sig áfram í námi. Myndast hefur góð eining hjá þeim sem eru í námi og hittast þau gjarnan á kvöldin og um helgar og læra saman á vinnustaðnum. Ekki má gleyma því að stór þáttur í okkar lærdómssamfélagi er hversu starfsfólkið er ávallt jákvætt og tilbúið til að taka á móti gestum til að fræða þau um starfið í skólanum.

Nokkrir hópar innan vinnustaðarins hittast fyrir utan vinnutíma eins og Fjallaform sem hefur verið til í fjölda ára og arkar upp á fell og fjöll. Það er einnig annar gönguhópur fyrir þau sem ekki nenna fjallgöngum. Þrjónahópur Rauðhóls hittist reglulega og skapar dásamlegar flíkur og á notalegar stundir saman. Einnig hefur hópur hraustra kvenna verið að fara í sjósund. Þessir hópar setja mikinn svip á menningu leikskólans og eru hluti af hópefli sem styrkir starfið hjá okkur enn frekar.

Þennan veturinn ákvað ég að fara í leyfi frá starfi en ég hef starfað sem stjórnandi leikskólans Rauðhóls frá nóvember 2006. Ég fór í leyfi á fimmtán ára afmæli Rauðhóls 1. mars 2022 og ætlaði að vera fram að sumarleyfi en ákvað að lengja það í eitt ár.

Samfélagið sem við höfum skapað er einstakt og einkennist það af metnaði og jákvæðni. Það er búið að vera svo gaman að fylgjast með ykkur á hliðarlínunni, hvernig þið hafið tekist á við eina stærstu krísu sem við höfum farið í gegnum nú í vor. Ekki síst þar sem veikindi og þreyta var komin í hópinn eftir tvö mjög þung ár. Að hafa starfsfólk með mismunandi menntun og reynslu gerir vinnustaðinn okkar að framúrskarandi vinnustað sem áhugavert er að starfa á, þar sem gleðin, samhugurinn og jákvæðnin er við völd.

Kveðja, Guðrún Sólveig



2 Greinargerð verkefnastjóra

Lagt var upp með að faglegar áherslur vetrarins 2021-2022 yrðu einingakubbar og læsi (Sprotasjóðs verkefni), fjöltyngi og læsi, nám og þroski barna, Fylkisverkefni (B-styrkur Menntastefnu) ásamt skapandi útinámi (A-styrkur Menntastefnu). Teymin sem tengjast þessum ofangreindu þáttum náðu ekki að hittast eins oft og þörf var á sökum sóttvarnahólfa. Fjarfundabúnaður nýttist ekki alveg sem skildi líkt og síðasta vetur. Því verður áhersla lögð á þessa þætti næsta skólaár. Það náðist einna best að einblína á verkefnið um einingakubba og læsi og mun skýrsluskil á því verkefni verða í haust. Við finnum að stytting vinnuvikunnar hefur einnig haft áhrif á að koma fyrir fundum sem tengjast faglega starfinu. Okkur þykir miður að ekki hafi verið gert ráð fyrir fjármagni vegna styttingu vinnuvikunnar sem myndi auðvelda lífið í leikskólum. Stytting vinnuvikunnar eru mikil lífsgæði fyrir okkur en því miður þarf annað að láta undan til að dagurinn í leikskólum gangi upp.

Fjöltyngisteymið hefur unnið að undirbúningi innleiðingar Hæfniramma til að styðja við framfarir barna í íslensku og er sú vinna hafin á nokkrum deildum, en ætlunin er að hafa einn starfsmann ábyrgan fyrir þeirri vinnu á hverri deild fyrir sig. Gerð hafa verið drög að endurbættri læsisstefnu Rauðhóls ásamt áætlun og er fundur fyrirhugaður í ágúst með sérfræðingum Miðju máls og læsis til að halda áfram með þá vinnu. Menntastefnuverkefnið okkar með Fylki var mjög áhugavert og gekk alveg ágætlega. Við lýsum samt undrun okkar á hvernig að umsókn og úthlutun var staðið. Ekki höfðum við hugmynd um að búið væri að sækja um styrk í nafni leikskólans fyrr en úthlutun hafi farið fram. Teymið okkar um Nám og þroska barna var ekki nægjanlega öflugt á liðnu skólaári en munum við leggja áherslu á það á komandi skólaári. Við erum stolt af því að hafa fengið Regnbogavottun nú á vormánuðum. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustugega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Á næsta skólaári leggjum við m.a. áherslu á útinám en Edda Lydia Þorsteinsdóttir deildarstjóri í Björnslundi fékk á vormánuðum rannsóknarstyrk frá KÍ fyrir verkefni sem er um lærdómssamfélag í útikennslu eftir árstíðum. Einnig munu ævintýraferðir fara aftur af stað eftir hlé á Ævintýrum og með elstu börnum.

Elín Guðrún Pálsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir, verkefnastjórar



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Stjórnun								
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, verkefnastjórar	Apríl 2020	Júní 2022	Gátlisti	Fræðsluefni og verklagsreglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk	Markmið náðust ekki að ásættanlegu marki. Búið er að setja upp nýjar starfsaðferðir sem munu verða innleiddar á næsta skólaári
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildastjóra	Deildastjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu	Leikskól astjóri Aðstoðarleikskólastjórar	Sept. 2020	Maí 2022	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildarstjórar	Náðist ekki að ásættanlegu marki og mun því þessi vinna halda áfram á næsta skólaári. Þessi þáttur þarf að vera í gangi ár eftir ár.
Faglegt samstarf	Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS	Nýliðar munu fara á nýliðafræðslu á vegum SFS	Aðstoðarleikskólastjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS	Nauðsynlegt að þessi þáttur sé í gangi ár eftir ár.
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspeglar starf leikskólans	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Aðstoðarleikskólastjóri	Sept. 2020	Apríl 2022	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík	Erum ekki sátt með þennan þátt en vonandi verður hann komin í betri farveg



ans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólánámskrá, skýrslur o.fl.								þegar búið verður að uppfær heimasíður hjá SFS
---	--	--	--	--	--	--	--	--

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
2. Uppeldis- og menntastarf								
Námssvið leikskólans	Unnið sé markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglar bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglar á öllum deildum	Læsi-teymi og deildastjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin	Markmið náðist ekki og verður því fært á næsta skólaár
	Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri	Auka fjölbreytni efnis sem tengist málörvun og söng	Deildarstjórar	Sept. 2021	Júní 2022	Gátlisti, ljósmyndir	Unnið er með fjölbreytt efni á öllum deildum	Þetta markmið náðist og er í sífelldri þróun og vinnu
Leikskóli án aðgreiningar	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúræðum barna	Vekja athygli á auglýsingum á námskeiðum í þessum málaflokki og hvetja starfsfólk til að nýta sér þau	Leikskólustjóri, sérkennslustóri og verkefna stjórar	Ágúst 2021	Maí 2022	Gátlisti/samantekt	Ákveðinn fjöldi starfsmanna hefur nýtt sér þessi námskeið á skólaárinu	Nokkrir starfsmenn sóttu námskeið og mun þessi þáttur verður áfram í gildi
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um	Útbúin verða viðmið um mat og nám á	Teymi um nám og	Okt. 2020	Nóv. 2022	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um	Markmið náðist ekki og



	mat á námi og velferð barna	velferð barna útfrá stefnu Rauðhóls	þroska barna, deildastjórar				mat á námi og velferð barna verði tilbúin	mun því færast á næsta skólaár
	Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barnanna	Útbúin verði aldurstengt viðmið um skráningar á framför barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Okt. 2020	Nóv. 2022	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna	Markmið náðust ekki og mun því færast á næsta skólaár
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Okt. 2020	Okt. 2022	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS) Matslisti Rauðhóls á námi og velferð barna	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska- tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	Markmið náðust ekki og mun því færast yfir á næsta skólaár
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta- aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Vinna við áætlun er hafin	Markmið náðist ekki og mun því vera fært á næsta skólaár
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra- viðtalsformið umræðu- punktur um markmiðs- setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Okt. 2020	Okt. 2022	Gátlisti	Í árlegum foreldra- viðtölum verði skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra	Markmið náðust ekki og mun því vera fært yfir á næsta skólaár

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Velferð og líðan barna	Áhersla er lögð á það sem	Efnið Uppeldi sem virkar	Sérkenn slustjórarnir	Sept. 2021	Júní 2022	Gátlisti	Í daglegu starfi er lögð áhersla á	Markmið náðust á 9 deildum og vísunum við



	börnin gera vel	tekið fyrir á skipulags degi					það sem börnin gera vel	hér i innra mat deilda.
Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í sameiningu markmið fyrir skólaárið	Foreldrar ræða markmiðasetningu í foreldraviðtali	Deildastjórar	Mars 2021	Júní 2022	Viðhorfskönnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólunum	

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Innra mat								
Skipulag og viðfangsefni	Að starfsfólk tileinki sér starfsaðferðir starfendarrannsókna	Fá fræðslu um starfendarrannsóknir	Leikskólastjóri, aðstoðar leikskólustjórar	Nóv. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra	Markmið náðust ekki og mun því vera fært yfir á næsta skólaár
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu	Ákveðin teymi sjá um að afla þeirra gagna sem endurspeglar þeirra áherslur, t.d. læsi	Teymi leikskólans	Vor 2021	Júní 2022	Gátlisti	Fjölbreytt gögn liggja til hliðsjónar hverju viðfangsefni	Markmið tókst að hluta, hjá teyimum sem náðu markvissri vinnu. Þessi liður verður í sífældri endurskoðun.
Opinber birting og umbætur	Starfsfólk og foreldrar geta á óyggjandi hátt nefnd dæmi um umbætur sem innra	Að starfsfólk og foreldrar verði markvisst upplýst um umbætur,	Stjórnendur	Sept. 2021	Júní 2022	Könnun meðal foreldra og starfsfólks	Starfsfólk og foreldrar geti komið með a.m.k. eitt dæmi um umbætur	



	mat leikskólans hefur leitt til	t.d. í tölvupóstum						
--	---------------------------------	--------------------	--	--	--	--	--	--

Ytra mat – viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS

3.1 Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS

Á vormánuðum 2022 var framkvæmd starfsmannakönnun á vegum SFS. Svarhlutfall var 55,7% í Rauðhól sem var þátttökuaukning um 9,2% frá fyrra ári. Í Reykjavík heild var svarhlutfall 51%. Okkar markmið er að halda áfram að fíkra okkur nær hámarki í svarhlutfalli starfsmanna.

Þáttur	2022	2021	Reykjavík heild 2022
Fræðsla og þjálfun	4,02	4,57	4,01
Starfsánægja	4,59	4,61	4,29
Sveigjanleiki í starfi	4,41	4,48	4,22
Upplýsingaflæði	4,36	4,38	4,06
Vinnuaðstaða	4,38	4,34	4,00

Hámark er 5

Því miður sjáum við að þátturinn um fræðslu og þjálfun lækkar of mikið á milli ára að okkar mati. Það er eitthvað sem kemur okkur ekki á óvart þar sem við þurfum að fella hverja fræðsluna af annarri niður vegna COVID takmarkana. Ánægjulegt er að sjá hversu margt starfsfólk er ánægt í starfi en breyting á milli ára er óveruleg. Á næsta skólaári þurfum við öll að leggja okkur fram við að viðhalda starfsánægju. Þar mun námsferð í apríl spila stórt hlutverk til að styrkja hópefli. Einnig verður farið í markvissa vinnu þar sem hver starfsmaður þarf að skoða hvaða gildi skipta hann máli á vinnustaðnum, hvernig drauma vinnustaður lítur út og hvað fyllir hann stolti af því að tilheyra teymi skólans og hvernig hann leggur sitt af mörkum til að gera skólann að framúrskarandi vinnustað.

Þáttur	2022	2021	Reykjavík heild 2022
Einelti frá samstarfsfólki	2,3	0,0	3,9
Áreitni frá samstarfsfólki	0,0	0,0	4,9

Við lítum mjög alvarlegum augum að einhver upplifi einelti á vinnustaðnum. Þó að aðeins sé um einn starfsmann að ræða að þá er það einu of mikið. Þessi starfsmaður upplifir niðurlægjandi og illt umtal. Farið verður strax í aðgerðir til að vinna bug á þessu vandamáli.



Ein af spurningunum í könnuninni var „Kemur það oft eða sjaldan fyrir eftir að vinnudegi lýkur að þú sért svo þreytt/ur að þú eigir erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut“ Niðurstaða í Rauðhól var 3,28 en 3,50 í Reykjavík heild. Þessi tala er ekki ásættanleg og teljum við að til að viðsnúningur verði í henni þurfi að koma fjármagn inn vegna styttingu vinnuvikunnar.

3.2 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Vegna heimsfaraldurs náðum við ekki settum markmiðum í Umbótaáætlun fyrir s.l. skólaár. Skýrist það meðal annars af stærð skólans því á þessu tímabili erum við mikið búin að starfa í fimm sóttvarnarhólfum. Þó að tæknin hafi verið af hinu góða í faraldrinum að þá erum við ekki með búnað fyrir hvern starfsmann svo hann gæti tekið þátt í umræðuhópum á netinu. Því setjum við marga sömu þætti í Umbótaáætlun frá s.l. skólaári fyrir næsta skólaár.

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok-ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Stjórnun								
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklags-reglum um móttöku nýrra starfsmanna	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör	Stjórnendur	Ágúst	Júní 2023	Gátlisti	Fræðsluefni og verklags-reglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk	
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildastjóra	Deildastjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu	Leikskól astjóri Aðstoðar-leikskólastjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildarstjórar	
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspegli	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu	Aðstoðar-leikskólastjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og	



starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólánámskrá, skýrslur o.fl.	leikskólans						innihaldsrík	
---	-------------	--	--	--	--	--	--------------	--

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
3. Uppeldis- og menntastarf								
Námssvið leikskólans	Unnið sé markvisst að eflingu læsis í viðum skilningi og það endurspeglit bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglast á öllum deildum	Læsis-teymi og deilda-stjórar	Okt. 2022	Júní 2023	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin	
Leikskóli án aðgreiningar	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna	Vekja athygli á auglýsingum á námskeiðum í þessum málaflokki og hvetja starfsfólk til að nýta sér þau ásamt því að vera með námskeið á skipulagsdögum	Leikskólastjóri, sérkennslustóri og verkefna stjórar	Ágúst 2022	Maí 2023	Gátlisti/samantekt	Ákveðinn fjöldi starfsmanna hefur nýtt sér þessi námskeið á skólaárinu ásamt því að haldin verði erindi fyrir allt starfsfólk	
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um	Útbúin verða viðmið um mat og nám á	Teymi um nám og	Sept. 2022	Júní 2023	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um	



	mat á námi og velferð barna	velferð barna útfrá stefnu Rauðhóls	þroska barna, deildastjórar				mat á námi og velferð barna verði tilbúin	
	Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barnanna	Útbúin verði aldurstengt viðmið um skráningar á framför barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna	
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Sept 2022	Júní 2023	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS) Matslisti Hæfnirammar Rauðhóls á námi og velferð barna	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska- tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demantaaðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Vinna við áætlun er hafin	
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra- viðtalsformið umræðupunktur um markmiðs- setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deildastjórar	Sept 2022	Júní 2023	Gátlisti	Í árlegum foreldra- viðtölum verði skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra	

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Velferð og líðan barna								



Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í sameiningu markmið fyrir skólaárið	Foreldrar ræða markmiðasetningu í foreldraviðtali	Deildastjórar	Mars 2023	Júní 2023	Viðhorfskönnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólunum	
------------------------	---	---	---------------	-----------	-----------	--------------------	---	--

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
2. Innra mat								
Skipulag og viðfangsefni	Að kynna starfsaðferðir starfendarrannsóknna fyrir starfsfólki	Fá fræðslu um starfendarrannsóknir	Leikskólastjóri, aðstoðar leikskólastjórar	Ágúst 2022	Júní 2023	Gátlisti	Að starfsfólk hafi fengið fræðslu um starfendarrannsókn og gert sér í hugarlund hvort þeir geti hugsað sér að nýta sér það í daglegu starfi	
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu	Ákveðin teymi sjá um að afla þeirra gagna sem endurspeglar þeirra áherslur, t.d. læsi	Teymi leikskólans	Ágúst 2022	Júní 2022	Gátlisti	Fjölbreytt gögn liggja til hliðsjónar hverju viðfangsefni	
Opinber birting og umbætur	Starfsfólk og foreldrar geta á öyggjandi hátt nefnd dæmi um umbætur sem innra mat leikskólan	Að starfsfólk og foreldrar verði markvisst upplýst um umbætur, t.d. í tölvupóstum	Stjórnendur	Sept. 2022	Júní 2023	Könnun meðal foreldra og starfsfólks	Starfsfólk og foreldrar geti komið með a.m.k. eitt dæmi um umbætur	



	s hefur leitt til							
--	-------------------	--	--	--	--	--	--	--

3.3 Innra mat hvernar deildar fyrir sig skólaárið 2021-2022

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Velferð og líðan barna	Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel	Efnið Uppeldi sem virkar tekið fyrir á skipulags degi	Sérkenn slustjórarnir	Sept. 2021	Júní 2022	Gátlisti	Í daglegu starfi er lögð áhersla á það sem börnin gera vel	Já, 9 deildir leggja áherslu á það sem börnin gera vel í daglegu starfi

Hvernig leggur deildin áherslu á það sem börnin gera vel í daglegu starfi? Náðust sett markmið um að leggja áherslu á það sem börnin gera vel? Ef ekki af hverju?

Spurningar sem gengið var út frá:

Er notast við jákvæðan aga með skýrum skilaboðum og ákveðnum mörkum?

Er notast við virka hlustun?

Er jákvæðri hegðun veitt athygli?

Er neikvæð hegðun hunsuð?

3.3.1 Gula deild börn fædd 2020-2021

Á deildinni eru börnin mjög ung og á byrjunarreit þegar kemur að samskiptum við önnur börn. Við höfum einbeitt okkur að leiðbeina börnum í átt að jákvæðri hegðun með því að hrósa og hvetja þau þegar þau gera vel. Ef börnin eru að meiða önnur börn minnum við þau á að vera góð við hin börnin og sýnum þeim hvernig við erum góð, t.d. með því að strjúka varlega. Þegar þau sýna góðvild við aðra krakka að fyrra bragði er þeim hrósað.

Við notum mikið tvo valmöguleika þegar börnin sýna neikvæða hegðun: „viltu gera sjálf eða á ég að gera fyrir þig?“ sem hefur virkað mjög vel hjá okkur. Einnig erum við duglegar að taka börn úr aðstæðum þegar þarf á að halda.



Þegar kemur að skapköstum höfum við beitt virkri hlustun og hvatt börnin til þess að tjá sig með orðum svo að við getum aðstoðað þau við það sem þau leitast eftir. Ef neikvæðri hegðun er beitt í þeim aðstæðum, t.d. með frussi eða öskri, er sú hegðun hunsuð.

Starfsfólkið hefur lagt mikið upp úr því að vera samtaka í aðferðum og hefur hegðun stakra barna verið sérstaklega rædd á deildafundum til þess að fullvissa okkur um að við séum allar að gefa barninu sömu skilaboðin.

3.3.2 Bláa deild börn fædd 2019

Á bláu deild eru tveggja til þriggja ára börn og í haust voru sum þeirra lítið farin að tala. Starfsfólk hefur verið samstíga að ræða á deildarfundum hvaða leiðir við viljum nota til að mæta börnunum, hvort sem er einstaklings miðað eða hópnum í heild. Notast hefur verið við jákvæðan aga, t.d. með því að segja við börnin hvað við viljum að þau geri í stað þess að vera með boð og bönn. Neikvæð hegðun er hunsuð þegar við á, en meta þarf aðstæður hverju sinni. Einnig höfum við lagt upp úr að vera með reglur á deildinni bæði hvað varðar hegðun og umgengni. T.d. notum við virka hlustun og segjum „þetta er vinaleikskóli“ þegar það verða árekstrar í samskiptum og ræðum líðan þess barns sem meiðir sig. Í umgengni leggjum við m.a. áherslu á að fara vel með bækurnar og hjálpast að við tiltekt. Ef vel gengur hjá börnunum t.d. að hlusta í samverustund eða þau eiga góð samskipti í leiknum er þeim hrósað fyrir og þau látin vita. Markmið náðust á deildinni að leggja áherslu á það sem börnin gera vel. Við sjáum miklar framfarir í þroska og hegðun hjá börnunum í vetur þar sem þau eru orðin öruggari í samskiptum.

3.3.3 Græna deild börn fædd 2018

Á Grænu deild eru börn á aldrinum 3-4 ára og eru þau mikið að æfa sig í samskiptum. Það sem við höfum verið að gera til þess að ýta undir jákvæða hegðun erum við að hrósa og hvetja þegar þau eru að sýna góða hegðun í leik og samskiptum við börn og starfsmenn, minna þau á að biðja fallega ef þau þurfa eða vilja eitthvað. Ef börnin eru að meiða önnur börn hjálpum við þeim að biðjast fyrirgefningar ef þau treysta sér ekki sjálf en einnig erum við dugleg við það að taka þau úr aðstæðum þegar á því þarf að halda. Þegar við tökum börnin úr aðstæðum þá eru þau tekin til hliðar með kennara þar sem að kennari og barn ræða ákveðna hegðun sem að við erum að reyna að stoppa. Deildarfundir eru nýttir í það að ræða ákveðna hegðun sem þarf að laga og aðferðir ræddar svo að við séum að senda börnunum sömu skilaboð. Þegar það kemur upp ágreiningur reynum við að leysa það með því að finna lausnir og ná málamiðlunum. Það getur virkað vel að vera með tvo valkosti og ná málamiðlun „viltu þetta eða viltu hitt“ ef það er ekki annað í boði er reyna að útskýra fyrir barni af hverju og finna lausnir. Við erum með blað sem hangir uppi á vegg inni á deild sem hægt er að minna á að við erum á vinaleikskóla og á því stendur hvornig við komum fram við vini okkar. Þetta blað er reglulega tekið fyrir og rætt með börnunum í samverustund.



3.3.4 Rauða deild börn fædd 2018 og 2019

Í vetur hefur Rauða deildin haft það að markmiði að börnin finni til öryggis í leikskólanum og líði vel yfir daginn. Unnið hefur verið með áhugasvið og styrkleika hjá börnunum. Dæmi: Einn drengur á deildinni sem hefur mikinn áhuga og góða þekkingu á dýrum. Í samverustundum hefur drengurinn sagt frá dýrum og fengið þannig að vinna með styrkleika sína. Einnig hefur starfsfólk reynt að mæta þessum áhuga með því að bæta við fjölbreyttari efnivið um dýr t.d. bókum og spilum. Hvatning hefur markvisst verið notuð í starfinu með börnunum í vetur í gegnum allt starfið yfir daginn. Hvort sem það var í fataklefa við matarborðið, í samverustundum eða við klósettþjálfun. Í haust voru sett fram markmið um að útivera væri helst einu sinni til tvisvar á dag og hefur það markmið gengið eftir. Við sjáum miklar framfarir hjá börnunum í sjálfshjálpi í fataklefa og í grófhreyfingum.

Virk hlustun er markvisst notuð yfir allan daginn í gegnum samtöl við börnin. Dæmi: Barn sem á erfitt með að koma í leikskólann að morgni hefur fengið samtal eða spjall við kennara um hvernig hægt er að bæta líðan þess og hvað er hægt að gera til þess að barninu líði vel að koma í leikskólann.

Starfsmannahópurinn hefur verið samstíga að vinna með jákvæðan aga sem jafnframt hefur falið í sér ákveðin mörk með skýrum skilaboðum. Starfið á deildinni hefur gengið vel vegna þess hversu samstíga kennarar hafa verið í að setja mörk fyrir deildina. Barnahópurinn hefur verið fjölbreyttur og nokkur börn krefjandi á deildinni í vetur. Sem dæmi eru nokkur börn sem ekki hafa gott vald á íslensku og hefur verið notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir til þess að styðja sem best við þessi börn.

Við höfum lagt áherslu á það að styrkja jákvæða hegðun hjá börnunum. Rætt saman um það á deildafundum og bæði sett okkur markmið varðandi einstakt barn og fyrir barnahópin að nota jákvæða styrkingu. Sem dæmi þegar barn hættir á bleyju og koppa þjálfun á sér stað eru kennarar meðvitaðir um að hrósa og hvetja barnið. Einnig þegar börnin hlúa að öðrum börnum eru kennarar duglegir að hrósa og leggja orð á það sem vel er gert. Þegar börnin takast á við nýjar áskoranir í leik eða verkefnum er þeim hrósað og þau þannig hvött áfram.

Þegar barn hefur sýnt neikvæða hegðun er hún hunsuð eða rætt er við barnið um hegðunina. Með auknum þroska gefast tækifæri til þess að eiga samtal við börnin um neikvæða hegðun.

3.3.5 Ævintýrahóll börn fædd 2016

Á Ævintýrahól nýttum við ávallt jákvæðan aga og skýr fyrirmæli og samskipti. Við töldum mikilvægt að allir starfsmenn deildarinnar væru samstíga í reglum og lögðum við áherslu á það. Við nýtum okkur virka hlustun eins mikið og möguleg við gátum og endursögðum það sem barnið var að tala um til að barnið vissi að við hefðum áhuga á því sem það var að segja okkur frá. Við ýttum undir jákvæða hegðun með því að hrósa, brosa og sýna gleði við hegðun barnsins. Við lögðum okkur fram við að hunsa neikvæða hegðun og börnin minnt á af hverju hegðun eða samskipti séu óviðeigandi.



3.3.6 Ævintýralundur börn fædd 2016

Á Ævintýralundi í vetur var lögð mikil áhersla á jákvæða hvatningu. Við kennararnir vorum samtaka og skýrar í skilaboðum. Við vorum mjög meðvitaðar um það hvenær við þurftum að einfalda skilaboð til barnanna og endurtaka þau eftir þörfum. Við notuðum lítið orðið „Nei“ en útskýrðum annars í kjölfarið hvers vegna við segjum nei. Við höfum náð að skapa góða stelpu menningu með leiðsögn og jákvæðni í fallegum samskiptum. Góð vinátta hefur náð að blómstra meðal barna og fýlustjórnun ekki náð flugi.

Við höfum notað virka hlustun til að leysa vandamál og kennum þeim að leysa þau sjálf uppbyggilega. Við sýnum allri líðan virðingu og það hefur reynt mikið á þann þátt þennan vetur. Mörg tilfinninga mikil mál sem þurfti að nálgast varlega og af alúð. Hljýjan sem við höfum gefið börnunum speglast í þeirra hegðun og hlustun á hvort annað. Við fylgdumst vel með samskiptum í frjálsum leik og gripum inn í og leiðbeindum. Hópurinn er frábær í að vinna saman og þau bjóða öðrum að leika með sér.

Á deildinni voru ýmis mál sem þurftu sérstaka athygli hvað varðar hegðun. Við notuðum mikið jákvæða styrkingu á réttum stöðum. Við höfum mikið notað hrós og veitt barni sem er að gera vel athygli sem hefur ýtt undir að hin börnin vilja gera eins. Við höfum líka þurft að hunsu neikvæða hegðun. Við höfum þurft að vera með leiðbeiningar um mörk barnanna, bæði þeirra eigin og annarra. Við tókum mjög markvisst átak í kurteisi í vetur og það höfum við séð skila sér. Börnin benda hvort öðru á og hvetja hvort annað til fallegrar hegðunar.

Þau markmið sem við höfum sett okkur í að gera deildina að jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi fyrir alla inn á deildinni hafa gengið mjög vel og við sjáum marga öruggari.

3.3.7 Ævintýradalur börn fædd 2017 og 2018

Við á Ævintýradal leggjum upp með að hafa andrúmsloftið á jákvæðum og léttum nótum alla daga. Á þetta bæði við um samskipti á milli kennara annarsvegar og svo á milli kennara og barna. Við höfum verið að leggja áherslu á jákvæð samskipti á milli barnanna og sjáum miklar framfarir þar. Auðvitað spilar aukin þroski barnanna þar inn í. En bara þessi einföldu skilaboð eins og að segja ; notaðu orðin þín” og” spurðu hvort þú megir” eru að virka vel. Börnin eru að bregðast vel við athugasemdum eins og “þú ert eitthvað að ruglast núna eða einfaldlega klappi á öxlina. Við förum reglulega yfir það í samverustundum hvernig við viljum hafa deildina okkar og þá með áherslu á orðið okkar. Við viljum fá börnin til þess að hugsa um deildina okkar sem sameign hvað varðar umgengni og hegðun á svæðum og efnivið. Við reynum alltaf að komast á mót við óskir barnanna og okkur langar gjarnan að þeirra rödd heyrast meira í skipulagi dagsins. Við erum að reyna í auknum mæli að gefa þeim fleiri tækifæri til þess að hafa áhrif á dagsskipulagið. Við erum að taka lítil skref þangað eins og að vera með val um göngutúra, leika í garðinum eða fara með kennara á skólalóð eða bara vera inni eða úti. Börnin á Ævintýradal eru flest nýorðin eða að verða 4 ára og starfið tekur auðvitað mið af því. Í okkar flæðisstefnu höfum við leitast við að vera með sem flest í sjónhæð barnanna þannig að þau geti verið



sjálfbjarga með að bera sig eftir því sem þau þurfa í leik og starfi. Þar af leiðandi eru börnin nokkuð sjálfstæð í vinnubrögðum. Sýrja um það sem vantar eða bjarga sér sjálf. Við erum nokkuð ánægð með hvað börnin flæða vel á milli svæða og hvað þau eru sjálfbjarga. Eins hefur okkur öllum, bæði kennurum og börnum tekist vel að afmarka svæðin með það að leiðarljósi að börnin flæða um en ekki efniviðurinn. Þar kemur hrós og hvatning frá kennurum sterkt inn en við höfum lagt áherslu að setja orð á góða hegðun. Við höfum einnig verið samstíga í því að hrósa börnum sem standa sig vel í aðstæðum sem þau hafa stundum átt erfitt í, hvort sem er í skipulögðum stundum eða frjálsum leik. Hvað varðar neikvæða hegðun er gripið inni, sérstaklega ef um er að ræða samskipti milli tveggja barna eða fleiri. Meiðandi hegðun er alltaf stöðvuð. Það er alltaf hægt að tala saman og útskýra. En barn sem ögrar er stundum hunsað. Ögrandi hegðun er stundum rædd í samveru við börnin og þau spurð álit en þó alltaf án þess að draga viðkomandi barn inn í umræðuna. Við viljum einungis skapa umræðu og læra af henni.

Við á Ævintýradal teljum að okkur hafi tekist ágætlega upp í almennu starfi á starfsárinu sem er að ljúka. Með deildarstjóra í afleysingu og marga fasta kennara í veikindaleyfi og aðra kennara sem ýmist voru að koma eða fara verður deildarstarfið óneitanlega ekki eins markvisst eins og við vonuðumst eftir. Þótt maður komi í manns stað og allt það þá verður það aldrei eins. Okkur hlakkar hins vegar til að takast á við verkefni næsta haust og þá vonandi með öllu okkar fasta fólki.

3.3.8 Ævintýraland börn fædd 2017

Við leggjum okkur fram við að notast við jákvæðan aga með skýrum skilaboðum og ákveðnum mörkum. Einnig nýtum við okkur virka hlustun ásamt því að jákvæðri hegðun athygli. Við leggjum okkur fram við að hunsu neikvæða hegðun en stundum tekst okkur það ekki því miður.

Þegar kemur að því hvort við náðum settum markmiðum með að leggja áherslu á það sem börnin gera vel að þá segjum við já og nei. Oft er það erfitt vegna ákveðinna barna sem krefjast mjög mikillar athygli. Okkur finnst vanta stuðning fyrir þau börn svo við getum sýnt öðrum börnum meiri athygli og umhyggju.

3.3.9 Ævintýraeyja börn fædd 2017

Við grípum börnin í þeim aðstæðum sem þau eru að gera vel í daglegu starfi og höfum við einnig mikið lagt áherslu á góð samskipti og hrósum þeim og veitum því mikla athygli.

Við kennarar á Ævintýraeyju erum samrýmd í að vera hlutlausir áhorfendur í leik barnanna til þess að geta gripið inn í hann þegar það á við, bæði þegar þau eru að gera vel og einnig til þess að leiðbeina þeim.

Við höfum mikið verið að notast við samverustundir í vetur til þess að taka fundi í hvað við getum bætt okkur í og leitast við raddir barnanna hvað þeim finnst þau geta gert betur og leyfa þeim að finna leiðir hvernig við náum því markmiði (vorum t.d. með stjörnukerfi til að bæta umgengni inni á deild).



Starfsfólk deildarinnar leggur mikla áherslu á jákvæðan aga ásamt því að hafa skýr mörk, einnig að það sé samrýmt með þessa þætti. Notast er við virka hlustun, jákvæðri hegðun er veitt mikil athygli en neikvæð hegðun er hunsuð.

Markmiðum sem lagt var upp með um velferð og líðan barna var náð.

3.3.10 Björnslundur

Í Björnslund koma flestar deildir leikskólans og dvelur hver deild viku í senn. Hver deild hefur sitt verklag en í Björnslundi er starfið og umhverfið öðruvísi en börnin eru vön á sinni deild og því þurfa þau að aðlaga sig að nýjum aðstæðum. Leitast er við að hlusta á börnin og hvetja þau til að finna leiðir til að leysa vandamál sem upp geta komið með því að tala saman. Leitast er við að styrkja vinasambönd barnanna og mikið talað um að það eigi að koma vel fram við alla, hafa umburðarlyndi og virðingu gagnvart hvert öðru og umhverfinu sem finna má í skóginum. Reynt er að styrkja jákvæða hegðun með orðum og fundnar leiðir til að vinna með hana í til að mynda samverustund. Börnin eru hvött til að veita umhverfinu athygli og ögra sér með því að prófa nýja hluti svo sem að klifra upp í tré. Í skóginum eru þrjár reglur þar sem engin girðing er til staðar. Þegar farið er yfir þær er ekki talað um þær eins og boð og bönn. Til að mynda eru steinar rétt hjá húsinu, en það er ekki æskilegt að börnin séu að fara ein lengra en þeir og í stað þess að segja „það má ekki fara lengra en steinarnir“ þá segjum við „ef þið viljið fara lengra en steinarnir, þá þurfum við að vera með kennara“. Ef eitthvað kemur upp þá er leitast við að ræða við það barn í einrúmi og ekki á neikvæðan máta, rætt er við barnið, hlustað á það og fundnar leiðir að lausn.

3.4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

<p>Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Hér í Rauðhól er sérkennsla ávallt skipulögð án aðgreiningar. Við leggjum mikla áherslu á teymisvinnu og í vetur fengum við krefjandi áskoranir. Einnig er lögð áhersla á sveigjanleika og var leitað nýrra óhefðbundinna leiða til að leysa þessar áskoranir sem leiðir af sér að hverju barni líði sem best.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS ásamt atferlisþjálfunarlistum frá GRR</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Hér fer allt fram í gegnum leikinn og er aðallega unnið út frá áhugasviði barnsins og styrkleikum þess. Í vetur hafa einnig verið notuð aðkeypt námsgögn í einstaklingsmiðaðri sérkennslu þar sem við á.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka þekkingu á margbreytileika einhverfu	Fyrirlestur um umhverfu á skipulagsdegi	Sérkennslustjóri og verkefnastjórar	Haust 2022	Vor 2023	Gátlisti	Þekking starfsfólks er meiri á mál-efninu

3.5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármögnunin fór í auka mönnun á deildir og efnivið
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Hér er unnið með Gefðu 10
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið í samverustundum til að dýpka og auka orðaforða barna
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þau gögn sem við höfum hingað til stuðst við er HLJÓM-2. Hafin er innleiðing á Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já áhersla er lögð að huga að öllum þessum þáttum á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



MATS- ÞÁTTUR							
	Auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku	Halda áfram að innleiða Hæfniramma á öllum deildum og einn starfsmaður á hverri deild er ábyrgur ásamt því að vera í fjöltyngisteyminu.	Sérkennslu- stjóri Fjöltyngis- teymi	Sept 222	Júní 2023	Gátlisti	Betri færni í íslensku



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

4.1 Skólaárið 2021-2022

Starfsþróunarsamtöl:

Starfsþróunarsamtöl fóru fram frá apríl til maí. Samtölin gengu upp til hópa vel og var unnið úr þeim fyrir komandi skólaár með hliðsjón af því að reynt var eftir fremsta megni að koma til móts við óskir starfsfólks þó að því miður hafi það ekki gengið upp í öllum tilfellum.

Fræðsla:

Á skipulagsdegi í ágúst kom sjúkráþjálfari sem fór yfir líkamsbeitingu með starfsfólki. Einnig gafst starfsfólki tækifæri til að undirbúa deildir fyrir komandi skólaár. Í september hélt Svandís Anna Sigurðardóttir sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum erindi sem lið í að fá Regnbogavottun. Sökum samkomutakmarkana vegna COVID náðist ekki að klára seinni hluta erindisins fyrr en í apríl síðastliðnum á starfsmannafundi og hlutum við þá Regnbogavottun. Til þess að uppfylla þátt aðgerðaáætlunar til þess að gera leikskólann hinsegin vænni ætlum við m.a. að stofna teymi um hinsegin málefni sem setur niður markmið fyrir aðgerðaráætlun og fylgir henni eftir. Umræddan dag í september hélt Hildur Björg Eyjólfsdóttir deildarstjóri erindi um foreldrasamvinnu ásamt því að fjöltyngisteymi upplýsti starfsfólk um sína vinnu.

Á skipulagsdegi í nóvember voru húsín aðskilin vegna sóttvarnahólfa og voru erindi haldin í gegnum fjarfundabúnað. Ingibjörg Kristleifsdóttir fagstjóri leikskólasviðs hélt kynningu um breytt fyrirkomulag á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Emelía Rafnsdóttir var með stutta kynningu á Barnasáttmálanum og Ingibjörg Jónasdóttir deildarstjóri var með kynningu á þróunarverkefninu „Leikur að læsi í gegnum einingakubba“. Markmið verkefnis er að efla lestraráhuga drengja í gegnum áhugasvið þeirra. Notast er við kennsluáferðir sem byggjast á styrkleika, áhuga, hugmyndum og þátttöku drengja í leik með einingakubba.

Á skipulagsdegi í febrúar sem var haldin með fjarfundabúnaði sökum COVID sóttvarnahólfa, héldu þrír starfsmenn Rauðhóls sem eru í leikskólakennaranámi erindi sem bar heitið „Leikskólakennaranám til hvers?“ Teymi um þróunarverkefnið okkar um einingakubba og læsi var með erindi sem bar heitið „Kubbasnillingarnir okkar.“ Deginum lauk á erindi Sigríði Sítu Pétursdóttur leikskólakennara „Margur er knár þó hann sé smár“ en fjallaði hún um yngstu börn leikskóla. Síta hefur margra ára starfsreyni að vinnu með yngstu börnunum. Hún hefur m.a. beint sjónum að umhyggju hugtakinu og framkvæmdi hún rannsókn þar sem hún skoðaði annarsvegar skilning leikskólakennara á hugtakinu umhyggja og hins vegar birtingarmyndir umhyggju í leikskólum.



Á tveimur samliggjandi skipulagsdögum í maí fórum við í námsferð að Geysi í Haukadál. Ætlunin var að taka fyrir efni úr skólanámskrá Rauðhóls og taka það upp á myndband sem nýta mætti m.a. í nýliðafræðslu. KÍ synjaði okkur um styrk fyrir þeirri vinnu og munum við því nýta þá hugmynd á næsta skólaári. Með því munum við slá nokkrar flugur í einu högg. Í fyrsta lagi að yfirfara skólanámskrána okkar, í öðru lagi að festa hana vel í sessi meðal starfsfólks og í þriðja lagi að eiga efnið til í stafrænu formi sem mun nýtast okkur á næstu árum í nýliðafræðslu. Síðast en ekki síst munum við nýta mannauðinn okkar þar sem við munum nýta okkar sérfræðinga í að miðla þeirra vísu til allra í skólanum. En það efni sem við vorum með að þessu sinni voru erindi frá Betri svefn og Saga Story House. Inga Rún frá Betri svefn fór yfir svefnþörf barna en Ingibjörg og Guðbjörg frá Saga Story House fóru yfir faglega framþróun starfsmanns í starfi með áherslu á hvernig væri hægt að nýta þá hæfileika í starfi með börnum. Unnið var út frá aðferðum og kenningum um: Skynjun og skynúrvinnslu, núvitund (mindfulness), flæðiskenningu Mihaly Csikszentmihalyi, teygjussvæði (Comfort Zone, Stretch Zone, Panic Zone) ásamt áhrifum umhverfis á líðan (vinnuvistfræði).

Starfsfólk í námi skólaárið 2021 – 2022.

Tveir starfsmenn voru í grunnnám í leikskólakennarafræðum og hlaut annar þeirra B.Ed. gráðu nú í vor.

Tveir starfsmenn öðluðust meistaragráðu í leikskólakennarafræðum nú í vor.

Einn starfsmaður lauk B.S. námi í félagsráðgjöf nú í vor.

Einn kennari stundaði nám í Garðyrkjuskólanum að Reykjum.

Námskeið

Tveir starfsmenn sóttu námskeið í atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik.

Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu um svefn.

Einn starfsmaður sótti námskeið „Húmor og gleði í samskiptum ... dauðans alvara.“

Einn kennari sótti námskeiðið „Vilt þú verða betri leiðsagnakennari.“

Einn kennari sótti ráðstefnu „Hver stýrir skútunni?“

Starfsfólk í námi skólaárið 2022 – 2023.

Einn starfsmaður mun stunda nám í leikskólabrúnni.

Tveir starfsmenn verða í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður hefur nám í sálfræði.

Fjórir starfsmenn verða í mastersnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður verður í jógakennaranámi.

Einn starfsmaður verður í námi í FÍH.

Einn starfsmaður stundar nám við Garðyrkjuskólann að Reykjum.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tökum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu, t.d. um húsdýrin, og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hóp og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einnig einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jólunum eins og t.d. að spila, fönndra og fara í gönguferðir. COVID-19 kom niður á samstarfi skólanna. Við höfum ekki náð að halda uppi þessari samvinnu í vetur. Við hittum börnin í fyrsta bekk aðeins í tvö skipti í Björnslundi núna í vor og fórum í verkefnavinnu með þeim þar í skóginum.

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglíngastígs Norðlingaskóla þar sem Leikskólavalið hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglíngastígs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Við höfum ekki náð að skipuleggja fund á vormánuðum vegna anna hjá öllum viðkomandi, við reynum jafnvel að hittast í ágúst. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu. Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarfið á milli Rauðhóls og Norðlingaskóla.



6 Foreldrasamvinna

6.1 Foreldrafélag skólaárið 2021 – 2022

Ekkert foreldrafélag hefur verið starfandi við skólann á COVID tímum og því ekki innheimt gjöld. Í upphafi nýs skólaárs verður kosið í félagið.

6.2 Foreldraráð skólaárið 2021 – 2022

Helgi Már Hrafnkelsson

Hulda Gísladóttir

Magnús Árnason

Póra Atladóttir

6.3 Foreldraráð skólaárið 2022 – 2023

Bergþóra Gná H. Gordon

Helgi Már Hrafnkelsson

Klara Bjartmarz

Magnús Árnason

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, ásamt skólanámskrá Rauðhóls og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oft en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glæðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í



skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Vinna á skipulagsdögum og starfsmannafundum mun taka mið af þáttum umbótaáætlunar ásamt verkefnum sem skipa munu stóran sess í daglegu starfi. Má þar nefna: Hegðunarfræðsla, fræðsla er viðkemur einhverfu/kvíða, útinámi, Hæfnirömmum, demantaaðferð, skráningum og starfendarannsóknnum. Einnig er ætlunin er að yfirfara skólanámskrá Rauðhóls.

Skipulagsdagar kennara skólaárið 2022 - 2023 eru eftirfarandi:

Haustönn 2022

19. ágúst

30. september

22. nóvember

Vorönn 2023

10. febrúar

19. apríl – Námsferð erlendis

21. apríl – Námsferð erlendis

Starfsmannafundir skólaárið 2022 – 2023 eru eftirfarandi:

Mánudagurinn 17. október

Þriðjudagurinn 14. mars

Miðvikudagurinn 12. apríl

Fimmtudagurinn 25. maí

Sumarlokun 2023 verður frá 12. júlí til 9. ágúst að báðum dögum meðtöldum.



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Aðalheiður Björk Matthíasdóttir

15.11.2022.

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023

Rauðhóll

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helgi Már Hrafnkelsson

Hulda Gísladóttir

Magnús Árnason

Póra Atladóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Foreldraráðið er heilt yfir ánægt með starfsemi Rauðhóls og fagnar þeim árangri sem náðist á starfsárinu 2021-2022 en starfsumhverfið reyndi bæði á stjórnendum og starfsfólk vegna COVID og þeirra takmarkana sem ástandinu fylgdi á.s.ö.

Ráðið fagnaði aukinni áherslu á læsi barna á síðasta starfsári og er ánægt með hvernig tekist hefur til. Þá teljum við það sérstaklega ánægjulegt hvernig unnið er með að virkja börnin eftir þeirra áhugasviði og styrkja þau þar. Þetta teljum við vera afar mikilvægt nesti út í lífið og sérstaklega ánægjulegt að lesa um dæmið sem var tekið um strákin sem hafði sérstaklega gaman af dýrum og vissi mikið um þau en hann var virkjaður til þess að segja hinum börnunum frá dýrum í samverustundum. Svona þætti teljum við vera mikilvæga til þess að efla sjálfstraust barna og getu til að fást við önnur verkefni sem e.t.v. liggja ekki jafn beint við þeim.

Það er ljóst að því meiri starfsánægja sem ríkir á Rauðhóli, því betra er umhverfið fyrir börnin okkar. Við erum ánægð með að vorferðin hafi þjappað hópnum saman eftir erfið misseri sem hafa haft í för með sér takmarkaða samveru. Þá finnst okkur frábært að starfsmennirnir umgangist mikið utan vinnu í ýmsum hópum, svo sem þrjónahóp og útivistarhópum. Þættir sem þessir efla starfshópinn sem heild og stuðla að vellíðan og ánægju í starfi.

Starfsfólk sótti góð og viðeigandi námskeið og þá stunda starfsmenn á Rauðhóli jafnframt fjölbreytt háskólanám o.þ.á.m. í leikskólafræðum. Áhugavert væri að vita hvaða áhrif eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin hafi haft á vanda við að fá starfsmenn til vinnu en fram kom í starfsáætlun að það hafi ekki reynst erfiðara frá upphafi að ráða starfsmenn. Það ber þó að hafa í huga að síðustu misseri hafa verið afar sérstök og því margir þættir sem geta hafa valdið þessu.

Þá er slæmt að sjá upplifun starfsmanns af einelti á vinnustaðnum. Að sama skapi er afar mikilvægt að það hafi greinst og komið fram í viðhorfskönnun o.þ.a.l. hægt að bregðast við. Mikilvægt er fyrir ráð næsta starfsárs að fylgja því eftir með hvaða hætti brugðist var við. Jafnframt sýnir þetta mikilvægi árlegrar viðhorfskönnunar og mælum við með fyrir næstu nefnd að fylgjast með þátttöku starfsmanna í viðhorfskönnun og aðgerðir sem gripið er til þess stuðla að aukinni þátttöku. Þá gæti það einnig verið gott fyrir foreldraráðið að fá árlega kynningu á viðhorfskönnuninni og þá nýjustu niðurstöður ásamt viðbrögðum við fyrri könnunum. Það verður jafnframt spennandi að fylgjast með vinnu við kortlagningu á sýn starfsfólks á „draumavinnustaðnum“ og hvernig unnið verður með niðurstöður sem fást úr því verkefni.

Umbótaáætlun fór úr skorðum vegna aðstæðna. Vonandi verða aðstæður komandi vetrar með þeim hætti að hægt verður að setja kraft í framkvæmd hennar.

Notast er við jákvæðan aga á Rauðhóli og foreldraráðið er sérstaklega ánægt með það. Frekar en að veita neikvæðri hegðun athygli er t.a.m. tekið eftir og börnunum hrósað fyrir jákvæða hegðun. Eins og fram



kemur í starfsáætlun þá leiðir þetta af sér að hin börnin vilja líka fá hrós og fara þá að sýna þá hegðun sem hrósað var fyrir.

Ráðið er sérstaklega ánægt með það starf sem fram fer í Björnslundi en þar fá börnin að leika sér úti í náttúrulegu umhverfi og er treyst til þess að virða hvert þau mega fara úti án þess að það séu girðingar sem afmarka leiksvæðið. Okkur hefur fundist börnin full stolti yfir þessu trausti og miklir regluverðir hvort við annað. Þau eru einnig stolt af verkefnum eins og að sækja matinn, sem fylgir því að vera í Björnslundi. Þetta er jafnframt frábær nýting á því fallega umhverfi sem leikskólinn er staðsettur í, við borgarmörkin.

Ráðið telur staðsetningu elstu barnanna hluta af mikilvægri aðlögun fyrir skólagöngu. Sú þjálfun sem þau fá við að klæða sig sjálf og ákveða í hvaða fatnað á að fara í hverju sinni, með leikskólakennurum sem leiðbeina þeim, er afar mikilvæg sem og tækifæri sem þau fá við að nota íþróttasalinn, útivistarsvæðið skólans og venjast þannig skólaumhverfinu. Kynning á skólanum er jafnframt afar vel heppnuð og vinaleg fyrir börn og foreldra. Það er virkilega góð byrjun á samstarfi foreldra og kennara að fá kennara og leiðbeinendur í heimsókn á heimili barnanna.

Þó telur ráðið að það þurfi að brúa betur bilið á milli skóla og leikskóla. Þegar þau mæta í skólann eru þau komin með skólatösku sem í er nesti, plastmappa með námsefni og íþróttaföt eftir atvikum. Þau eru ábyrg fyrir því sem er í skólatöskunni ásamt fatnaði sem þau fara í og fylgir þeim í skólann. Það tekur þau mislangan tíma að ná tókum á þessu en það er okkar upplifun að stökkið sé of hátt fyrir mörg. Ekki virðist vera fylgst með að þau borði nesti og of oft sést til illa klæddra barna á útisvæði. Þá eru þau oft send úlpalaus frá frístund í íþróttir. Þetta eru börn sem verða 6 ára á þessu ári og eru að fóta sig í miklu stærra umhverfi en þau eru vön að vera í í fyrsta skiptið og það reynir á sjálfstæði þeirra með hætti sem þau eru að kynnast í fyrsta skiptið.

Hér er tækifæri til að gera betur. Undirbúningur á meðan á leikskólagöngunni stendur er góður en það þarf að halda betur utan um þau þessar fyrstu vikur í skólanum e.t.v. með auknu samstarfi leikskóla og skóla í byrjun haustannar. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu mikilvæg þeirra fyrsta upplifun af skólanum er. Það að börnunum líði vel í þessari miklu breytingu við að ljúka leikskólagöngu og hefja nám í skóla er okkar allra hjartans mál.

Foreldraráðið þakkar afar ánægjulegt samstarf og óskar ykkur velfarnaðar á komandi skólaári, áfram Rauðhóll.



